



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 3. september 2019

R19090012

0572

Borgarráð

Yfirlýsing frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er varðar samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða yfirlýsingu frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 26. júní 2019, er varðar samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna með vísan til hjálagðrar umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 10. júlí 2019.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Yfirlýsing um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, dags. 26. júní 2019

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 10. júlí 2019



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Málsnr.: R190/0059
Skjalasafn Ráðhúss
26. ágú. 2019
Bréfalykill: 0572

Reykjavík 10. júlí 2019
Málsnúmer USK2019070010

Borgarráð

Efni: Umsögn um yfirlýsingu Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 26. júní 2019, um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Vísað er til erindis skrifstofu borgarstjórnar f.h. borgarráðs frá 2. júlí 2019 þar sem óskað er eftir umsögn umhverfis- og skipulagssviðs vegna ofangreindrar yfirlýsingar.

Stofnfundur samstarfsvettvangs sveitarfélaganna fyrir heimsmarkmiðin og loftslagsmál var haldinn á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 19. júní 2019 í húsakynnum Reykjavíkurborgar í Borgartúni. Vísað er til fundargerðar stofnfundarins en þar var samþykkt orðalag yfirlýsingar um stuðning við samstarfsvettvanginn sem yrði send til allra sveitarfélaga landsins og hefur nú verið send til Reykjavíkurborgar.

Yfirlýsingin felur í sér áskorun til ríkis og sveitarfélaga um að grípa til aðgerða á sviði loftslagsmála og aðlagast loftslagsbreytingum. Einnig að beita sér fyrir markvissum aðgerðum og stefnumótun í átt til aukinnar sjálfbærni og kolefnishlutleysis. Skuldbindingin sem felst í því að samþykkja yfirlýsinguna er að Reykjavíkurborg lýsi sig tilbúna með þátttöku í fundum og viðburðum um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Síðast en ekki síst er gert ráð fyrir þátttöku við miðlun þekkingar, mælingar á árangri og öðru samstarfi sem tengist samráðsvettvangnum.

Reykjavíkurborg hefur í gegnum tíðina ávallt tekið þátt í fundum og viðburðum um málefni sem tengjast loftslagsmálum og sjálfbærri þróun, verið tilbúin að miðla þekkingu og tekið þátt í að þróa ýmsa mælikvarða.

Heimsmarkmiðin eru hluti af stefnumótun og starfsemi borgarinnar og loftslagsmál verið mikilvæg allt frá því að fyrsta loftslagsstefnan var sett 2009. Heimsmarkmiðin koma m.a. fram í áherslum í Aðalskipulagi 2010-2030, í umhverfis- og auðlindastefnu, stefnumótun um líffræðilega fjölbreytni, aðgerðaráætlun í úrgangsmálum, hverfisSKIPULAGI, fjármögnun verkefna sem styðja við sjálfbæra þróun borgarinnar með útgáfu grænna skuldabréfa, svo sem uppbyggingu hjólastíga, Borgarlínu, kaup á sorphirðubílum, rafmagnsbílum og endurheimt votlendis. Innleiðing kynjaðrar fjárhagsáætlunar og samstarf m.a. við Festu um samfélagslega ábyrgð og samstarf um nýsköpun m.a. við Höfða friðarsetur tengist einnig þeim markmiðum sem koma fram í heimsmarkmiðunum.

Mælt er með því að samþykkja yfirlýsinguna og styðja við samstarfsvettvang sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs,
Hrönn Hrafnadóttir.



Borgartún 12-14
105 Reykjavík
Sími 411 1111
Bréfsími 411 8505
www.reykjavik.is



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga og landshlutasamtaka
sveitarfélaga

Reykjavík 26. júní 2019

1905036SA KB
Málalykill: 11.03

Efni: Yfirlýsing um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 21. júní 2019 voru lögð fram drög að yfirlýsingu um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem lögð var fram á stofnfundi 19. júní 2019.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

„Stjórn sambandsins lýsir yfir ánægju með velheppnaðan fund um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og hvetur sveitarfélög til að samþykkja yfirlýsinguna sem fundurinn samþykkti og send verður öllum sveitarfélögum.“

Framangreint tilkynnist hér með.


Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Fylgiskjöl:

Yfirlýsing stofnfundar um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið
Sameinuðu þjóðanna
Fundargerð stofnfundar samstarfsvettvangs sveitarfélaganna fyrir heimsmarkmið og
loftslagsmál



Yfirlýsing um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Samþykkt á stofnfundi 19. júní 2019

Stofnfundur samráðsvettvangs sveitarfélaganna um loftslagsmál og heimsmarkmið SP, sem fram fer í Reykjavík 19. júní 2019, skorar á sveitarstjórnir um allt land að standa að yfirlýsingu í þessa veru:

Sveitarstjórn fagnar því frumkvæði sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur tekið með stofnun samráðsvettvangs, sem ætlaður er sveitarfélögum landsins til samstarfs og samráðs um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Sveitarstjórn telur brýnt að ríki og sveitarfélög grípi nú þegar til markvissra og samstilltra aðgerða til að mæta áskorunum samtímans á sviði loftslagsmála og aðlaga íslenskt samfélag að þeim breytingum sem þegar hafa átt sér stað og fyrirséðar eru vegna loftslagsbreytinga. Einn mikilvægasti liðurinn í því aðkallandi starfi er að íslenskt samfélag verði lagað að kröfum sjálfbærrar þróunar. Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt gagnlegan grunn að slíku starfi með heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun.

Sveitarstjórn lýsir sig tilbúna til þátttöku í samráðsvettvanginum með þátttöku í fundum og viðburðum um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Á sínum vettvangi mun sveitarstjórn beita sér fyrir markvissum aðgerðum og stefnumótun í átt til aukinnar sjálfbærni og kolefnishlutleysis. Fulltrúar sveitarfélagsins munu einnig, eftir því sem tilefni er til og aðstæður leyfa, taka þátt í miðlun þekkingar, þróun mælinga á árangri og öðru samstarfi sem tengist samráðsvettvanginum.

Stofnfundurinn áréttar að með aðild sinni að samráðsvettvangi sveitarfélaganna skuldbinda sveitarfélög sig til þess að nýta samráðsvettvanginn til að miðla þekkingu og reynslu sínu á milli varðandi loftslagsmál og innleiðingu heimsmarkmiðanna og leita tækifæra til samstarfs þar sem þau gefast. Samráðsvettvangurinn mun jafnframt vinna eftir föngum að þróun á samanburðarhæfum árangursmælingum og stuðla að greiðu aðgengi að faglegum og fjárhagslegum stuðningi til aðgerða á sveitarstjórnarstigi. Lögð er áhersla á að fjarfundabúnaður verði nýttur í störfum samráðsvettvangsins til að tryggja greiðan aðgang allra sveitarfélaga að starfinu.

Hvert og eitt sveitarfélag hefur þýðingarmiklu hlutverki að gegna fyrir aðlögun nærsamfélagsins að forsendum sjálfbærrar þróunar. Í heild sinni hefur framlag sveitarfélaganna jafnframt afgerandi þýðingu fyrir framgang sjálfbærrar þróunar hér á landi og alþjóðlegar skuldbindingar íslenskra stjórnvalda í þeim efnum.

Loks áréttar stofnfundurinn mikilvægi þess að tryggð verði aðkoma sveitarfélaga að setningu, framfylgd og framþróun laga og regna er tengjast loftslagsbreytingum og sjálfbærri þróun samfélagsins.



Fundargerð stofnfundar samstarfsvettvangs sveitarfélaganna fyrir heimsmarkmiðin og loftslagsmál

Miðvikudaginn 19. júní kl. 13:00 var settur stofnfundur samstarfsvettvangs sveitarfélaganna fyrir heimsmarkmiðin og loftslagsmál. Til fundarins var boðað með erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem sent var í tölvupósti til allra sveitarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga. Fundurinn var haldinn í fundarsalnum Vindheimum í húsakynnum Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14. 76 einstaklingar voru skráðir á fundinn frá 45 sveitarfélögum, samstarfsverkefnum þeirra og fyrirtækjum og tóku yfir 20 einstaklingar þátt í gegnum fjarfundabúnað.

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga flutti ávarp í upphafi fundar. Fram kom að markmið fundarins væri að fylgja eftir fjölmennum málþingum um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og loftslagsmál og stofna samstarfsvettvang þar sem markvisst yrði unnið að fræðslu og öðru samstarfi. Samstarfið væri einnig í samræmi við stefnumörkun sambandsins en þar væri fjallað um aðgerðir í umhverfismálum. Meðal annars kemur fram að sambandið skyldi beita sér fyrir því að sveitarfélög yrðu leiðandi þátttakendur í umræðu og aðgerðum til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda og viðbrögðum við neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga. Fyrir fundinum lægi tillaga að yfirlýsingu um inntak þessa samstarfs sem undirstrikaði vel þörf á að ríkið og sveitarfélög tækju höndum saman til að mæta þeim áskorunum sem samfélagið standi frammi fyrir.

Ítrekaði Aldís að öll sveitarfélög geti lagt lóð á vogarskálarnar og í sameiningu tekið þátt í að mæta áskorunum samtímans á sviði loftslagsmála og sjálfbærrar þróunar. Nú þegar sé samstarf hafið í nokkrum landshlutum og nefndi hún meðal annars kolefnisbókhald fyrir Norðvesturland og vinnu við loftslags- og umhverfisstefnu fyrir Suðurland og Austurland.

Breið samstaða sveitarfélaga væri mikilvæg og vonir stæðu til að hver einasta sveitarstjórn myndi samþykkja yfirlýsingu sem yrði lögð fram síðar á fundinum. Fyrir lægi að með nýlegum breytingum á lögum um loftslagsmál væri gerð skylda á sveitarfélög að samþykkja loftslagsstefnu. Því hljóti sveitarfélög að gera kröfu um faglegan og fjárhagslegan stuðning frá ríkinu vegna aðgerða í loftslagsmálum enda margar mikilvægar aðgerðir kostnaðarsamar, svo sem gas- og jarðgerðastöð Sorpu, breytingar á samgöngum á höfuðborgarsvæðinu með tilkomu borgarlínu og rafbílavæðing um land allt.

Sveitarfélög hafa farið ýmsar leiðir við gerð loftslagsstefnu og nefndi Aldís sem dæmi Kópavog sem hefur ákveðið að samþætta gerð slíkrar stefnu við vinnu við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Í þeirri stóru verkfærakistu sem heimsmarkmiðin 17 og hin 169 undirmarkmið væru fælust mikilvæg markmið sem lúta að sjálfbærri þróun og eitt brýnasta verkefnið séu loftslagsmálin.

Fram kom að það væri við hæfi að stofnfundur samráðsvettvangsins væri haldinn 19. júní, á degi sem væri helgaður kvenréttindum enda sýna kannanir að konur hafi almennt meiri áhyggjur af afleiðingum loftslagsbreytinga fyrir sig og fjölskyldu sína.

Stofnun loftslagsvettvangs sveitarfélaga væri mikilvægt skref til að safna saman upplýsingum og reynslu sem býr innan sveitarfélaganna og draga fram þau verkefni sem þegar eru farin af stað á

sveitarstjórnarstigi. Einnig myndi aukið samtal sveitarfélaganna um árangursrík og hagkvæm stjórnæði og aðgerðir skila sér í þeirri breiðfylkingu lausna sem væru löngu tímabær.

Lauk Aldís máli sínu með áskorun til sveitarstjórnarmanna um allt land um að samþykkja markvissa þátttöku í samráðsvettvangi sveitarfélaganna um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. „Við höfum nefnilega ekki val, framtíðin er núna og verkefnin eru ærin. Því verðum við að bretta upp ermar og láta verkin tala. Þannig náum við árangri fyrir okkur öll.“

Að því loknu fól Aldís Guðjóni Bragasyni, sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, stjórn fundarins.

Guðjón fór stuttlega yfir markmið samráðsvettvangsins og að um væri að ræða óvissuferð þar sem samstarfið yrði mótað og þótt öll sveitarfélög og landshlutasamtök væru ekki á stofnfundinum gæfist öllum kostur á að taka þátt en markmið stofnfundarins væri að hrinda af stað þessari vegferð.

Næsti frummælandi var Eygerður Margrétardóttir, verkefnastjóri úrgangs- og umhverfismála hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga, sem er fulltrúi sambandsins í verkefnisstjórn um aðgerðaráætlun í loftslagsmálum. Erindi hennar nefndist „Loftslagsmálin og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna – hvert er förinni heitið?“

Fram kom í erindi Eygerðar að helstu hlutverk samráðsvettvangsins væru miðlun þekkingar og reynslu til og á milli sveitarfélaga, að greina og grípa tækifæri til samstarfs, að kanna tækifæri til sameiginlegrar þróunar á aðferðum til að mæla árangur, að leita leiða til að greiða fyrir aðgengi sveitarfélaga að fjármagni og að tryggja aðkomu sveitarfélaga að setningu, framfylgd og framþróun reglna og áætlana á þessu sviði.

Einnig væri slíkur vettvangur mikilvægur fyrir fulltrúa sveitarfélaganna í verkefnisstjórn um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, í loftslagsráði og verkefnastjórn um aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

Nýsamþykkt lagabreyting er leggur skyldu á sveitarstjórnir til að samþykkja loftslagsstefnu fyrir lok ársins 2021 sýnir að kröfur á sveitarfélög í loftslagsmálum og sjálfbærni eru að aukast og því enn mikilvægara að koma á öflugum samráðsvettvangi.

Fór Eygerður síðan stuttlega yfir þær áskoranir og tækifæri er felast í slíkum vettvangi og kynnti hugmynd að starfsáætlun til þriggja ára. Að þremur árum liðnum væri lögð fram lokagreining og þá væri hægt að taka ákvörðun um framhaldið. Í starfsáætluninni væri gert ráð fyrir vinnuhópum, upplýsingagátt, vinnustofum, ráðstefnum, málstofum og að útfæra verkfærakistu svo dæmi séu nefnd.

Dæmi um viðfangsefni verkefnahópa gætu verið árangursmælikvarðar, heimsmarkmiðin, loftslagsbókhald, úrgangsmál, fráveitumál og innleiðing vistvænna opinberra innkaupa.

Næsta skref væri að eiga samtal í dag til að nýta þessa undirbúningsvinnu og stefna að því að fá sem flest sveitarfélög til samstarfs. Stefnt væri að því að hinn 13. september næstkomandi yrði fyrsti tengiliðafundur samráðsvettvangsins haldinn.

Því næst hélt erindi Hrönn Hrafnadóttir, sérfræðingur á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, sem jafnframt er fulltrúi Sambands Íslenskra sveitarfélaga í loftslagsráði. Erindi hennar fjallaði um hvaða lærdóma hægt er að draga af mótun loftslagsstefnu Reykjavíkurborgar.

Fram kom að alþjóðlegt samstarf Reykjavíkurborgar hefði hjálpað til við að leggja línurnar og var fyrsta loftslagsstefna borgarinnar hluti af aðalskipulagi hennar frá 2010-2030. Loftslagsstefnan var síðan endurskoðuð 2016 og væri stefnan sett á kolefnishlutleysi árið 2040. Að mati Hrannar væri samhljómur milli loftslagsmála og heimsmarkmiðanna enda tengjast bæði sjálfbærri þróun.

Fram kom að eitt af skilyrðum fyrir inngöngu í sáttmála evrópskra sveitarfélaga (Covenant of Mayors) var að mæla hvar Reykjavík væri stödd varðandi loftslagsmál og við þann útreikning kom í ljós að 77% af kolefnalosun innan borgarinnar væri vegna samgangna sem er ólíkt öðrum evrópskum borgum þar sem kolefnalosun vegna orku er mun hærri. Til að ná markmiðum um kolefnishlutleysi er samgöngubátturinn því stærstur og því skiptir máli að þetta byggð, koma borgarlínu í framkvæmd og styðja við orkuskipti í samgöngum. Því sé það rauður þráður í gegnum aðalskipulagið að breyta ferðavenjum og hafa jákvæð áhrif á loftslagsmál.

Í stefnu Reykjavíkurborgar í átt að kolefnishlutleysi eru um 40 aðgerðir sem skipta má í þrennt, losun frá samfélagi, aðlögun að loftslagsbreytingum og losun frá rekstri sveitarfélagsins. Fram kom að skoða þurfi vel hvað það þýðir að vera kolefnishlutlaus og taka þá bæði mið af losun og bindingu.

Að mati Hrannar væru það fjögur atriði sem standa upp úr sem gæti verið lærdómur fyrir önnur sveitarfélög en í fyrsta lagi væri það pólitískur stuðningur, í öðru lagi væri það að velja þætti til að mæla og takast á við, í þriðja lagi væri það samþætting við aðrar stefnur og starf sveitarfélagsins og í fjórða lagi að það væri óþarfi að finna upp hjólið heldur læra af því sem verið væri að gera bæði innanlands og erlendis. Síðan yrði ávallt að hafa í huga að allir geta gert eitthvað en engin getur gert allt.

Þá var röðin komin að erindi Stefáns Gíslasonar, framkvæmdastjóra Umhverfisráðgjafar Íslands ehf., sem fjallaði um kolefnisspor sveitarfélaga - reikniaðferðir og greiningu tækifæra.

Í erindinu fjallaði Stefán um vinnu Umhverfisráðgjafar Íslands ehf. við að reikna út kolefnisspor fyrir ákveðnar atvinnugreinar, fyrirtæki, sveitarfélög og landshlutasamtök. Við útreikning á kolefnisspori sveitarfélags væri hægt að horfa annars vegar þröngt þar sem metið væri kolefnisspor stofnunarinnar eingöngu og hins vegar við nálgun þar sem horft væri til sveitarfélags sem landfræðilegs svæðis. Fór Stefán yfir að útreikningur á kolefnisspori væri enn að þróast og mikilvægt væri að tryggja að kolefnisspor væru ekki tvítalin eða vantalin í kolefnisbókhaldi aðila. Sem dæmi mætti nefna framleiðslu á vöru, hvort ætti kolefnisfótsporíð að vera bókfært hjá framleiðandanum eða endanlegum notanda? Mikilvægt er þó að fara í slíka útreikninga og greina þau tækifæri sem væru til staðar út frá þeim upplýsingum sem maður hefur og byggja síðan á ofan á þá vinnu. Það þarf að átta sig á því hvar hægt sé að hafa áhrif og hvar ekki. Aðalatriðið er að allt skiptir máli, það sé lítil tími og því þurfi að gera allt í einu og gera það strax.

Að loknum framsögum kynnti Helga Guðrún Jónasdóttir, samskiptastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, hugmyndir um upplýsingagátt samráðsvettvangsins. Markmið upplýsingagáttarinnar væri upplýsingaöflun, upplýsingamiðlun og upplýsingaúrvinnsla. Lögð væri áhersla á að fundir samstarfsvettvangsins yrðu í boði sem fjarfundir og auka þannig möguleika landsbyggðarinnar til þátttöku ásamt því að minnka kolefnisspor við fundarhöld.

Að loknu erindi Helgu Guðrúnar var stutt kaffihlé.

Því næst var gefinn kostur á fyrirspurnum til framsögumanna ásamt almennum umræðum.

Gísli Halldórsson bæjarstjóri í Árborg óskaði öllum til hamingju með áfangann og fór yfir verkefni sem Kópavogsbær hóf en nú taka einnig þátt Reykjanesbær og Árborg. Upphaflega snerist verkefnið um velferðarvísitölu sveitarfélaga en kallast nú framfararvog sveitarfélaga. Þar hefur farið

fram mikil vinna við að vega og meta mælikvarða sem byggja á heimsmarkmiðunum og stefnt er að því að mæla gæði samfélagsins með það að markmiði að geta bætt það og náð meiri árangri. Væru nú þegar komnir 70 mælikvarðar sem almennt eru sóttir í opinbera gagnagrunna og því óumdeildar upplýsingar. Væru miklar vonir bundnar við að framfaravogin muni styðja við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti Skaftárhrepps og formaður SASS fór yfir þær áskoranir er lítil en landmikil sveitarfélög standi frammi fyrir. Mikill ágreiningur hafði verið á svæðinu vegna virkjana en við endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins hafi verið ákveðið að vinna út frá grunni heimsmarkmiðanna sem hafi sameinað hópinn um ákveðin gildi og hægt að leysa ágreining út frá þeim leiðarljósum. Hefur því aðalskipulagsvinnan verið unnin með spegil á heimsmarkmiðin. Eva hrósaði einnig sambandinu fyrir að stíga þetta skref þar sem þetta væri málefni sveitarfélaga en ekki eingöngu ríkisins. Sveitarfélögin eigi að taka þennan bolta og leiða vinnuna áfram.

Jón Steinar Garðarsson frá Austurbrú fjallaði um verkefni á Austurlandi frá 2016 um orkuskipti þar sem teiknaðar voru upp ýmsar sviðsmyndir og stefnt væri á að skila skýrslu á næstu mánuðum er myndi nýtast í vinnu við loftslagsstefnu Austurlands. Sú samvinna hafi verið mjög ánægjuleg og var virkilega áhugavert að heyra erindi Stefáns út frá þeim vandræðum er þeir lentu í við upplýsingaöflun.

Theódóra S. Þorsteinsdóttir bæjarfulltrúi í Kópavogi fjallaði um verkefni sem sveitarfélögin á Suðurnesjum hafa sameinast um og hún tekur þátt í f.h. ISAVIA, en nú þegar er búið að halda tvo fundi. Samþykkt var að stofna samráðsvettvang með Isavia og markmiðið væri að taka út grunnþætti til árangurs og forgangsraða sameiginlegum hagsmunum út frá heimsmarkmiðunum. Vonandi yrði sú vinna komin á fullt með haustinu. Theódóra fagnaði stofnun þessa samráðsvettvangs og að stofnun þess væri góður stuðningur við það sem sveitarfélög væru að gera víða.

Fundarstjóri gerði síðan grein fyrir tillögu að yfirlýsingu fundarins og stýrði umræðum um hana.

Fram komu smávægilegar ábendingar um orðalag yfirlýsingarinnar. Að lokinni umræðu um þær orðalagsbreytingar var yfirlýsingin lögð fyrir fundinn til samþykktar. Var yfirlýsingin samþykkt svo breytt með dynjandi lófaklappi og brosköllum frá þátttakendum í fjarfundarbúnaði.

Yfirlýsingin eftir breytingar svohljóðandi:

Stofnfundur samráðsvettvangs sveitarfélaganna um loftslagsmál og heimsmarkmið SP, sem fram fer í Reykjavík 19. júní 2019, skorar á sveitarstjórnir um allt land að standa að yfirlýsingu í þessa veru:

Sveitarstjórn fagnar því frumkvæði sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur tekið með stofnun samráðsvettvangs, sem ætlaður er sveitarfélögum landsins til samstarfs og samráðs um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Sveitarstjórn telur brýnt að ríki og sveitarfélög grípi nú þegar til markvissra og samstilltra aðgerða til að mæta áskorunum samtímans á sviði loftslagsmála og aðlaga íslenskt samfélag að þeim breytingum sem þegar hafa átt sér stað og fyrirséðar eru vegna loftslagsbreytinga. Einn mikilvægasti liðurinn í því aðkallandi starfi er að íslenskt samfélag verði lagað að kröfum sjálfbærrar þróunar. Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt gagnlegan grunn að slíku starfi með heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun.

Sveitarstjórn lýsir sig tilbúna til þátttöku í samráðsvettvanginum með þátttöku í fundum og viðburðum um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Á sínum vettvangi mun sveitarstjórn beita sér fyrir markvissum aðgerðum og stefnumótun í átt til aukinnar sjálfbærni og kolefnishlutleysis. Fulltrúar sveitarfélagsins munu einnig, eftir því sem tilefni er til og aðstæður leyfa, taka þátt í miðlun þekkingar, þróun mælinga á árangri og öðru samstarfi sem tengist samráðsvettvanginum.

Stofnfundurinn áréttar að með aðild sinni að samráðsvettvangi sveitarfélaganna skuldbinda sveitarfélög sig til þess að nýta samráðsvettvanginn til að miðla þekkingu og reynslu sín á milli varðandi loftslagsmál og innleiðingu heimsmarkmiðanna og leita tækifæra til samstarfs þar sem þau gefast. Samráðsvettvangurinn mun jafnframt vinna eftir föngum að þróun á samanburðarhæfum árangursmælingum og stuðla að greiðu aðgengi að faglegum og fjárhagslegum stuðningi til aðgerða á sveitarstjórnarstigi. Lögð er áhersla á að fjarfundabúnaður verði nýttur í störfum samráðsvettvangsins til að tryggja greiðan aðgang allra sveitarfélaga að starfinu.

Hvert og eitt sveitarfélag hefur þýðingarmiklu hlutverki að gegna fyrir aðlögun nærsamfélagsins að forsendum sjálfbærrar þróunar. Í heild sinni hefur framlag sveitarfélaganna jafnframt afgerandi þýðingu fyrir framgang sjálfbærrar þróunar hér á landi og alþjóðlegar skuldbindingar íslenskra stjórnvalda í þeim efnum.

Loks áréttar stofnfundurinn mikilvægi þess að tryggð verði aðkoma sveitarfélaga að setningu, framfylgd og framþróun laga og reglna er tengjast loftslagsbreytingum og sjálfbærri þróun samfélagsins.

Samþykkt var að yfirlýsingin yrði send til allra sveitarfélaga, landshlutasamtaka og annarra samstarfsverkefna sveitarfélaga er gætu hagnast á samstarfsvettvangi sem þessum.

Að lokum þakkaði fundarstjóri fundarmönnum fyrir góða þátttöku á fundinum og jákvæðni gagnvart samstarfi í samráðsvettvanginum. Þakkaði hann einnig Eygerði Margrétardóttur og Helgu Guðrúnu Jónasdóttur, starfsmönnum sambandsins, fyrir undirbúning stofnfundarins.

Fundi lauk kl. 14:40

Fundargerð ritaði

Bryndís Gunnlaugsdóttir

Skráðir þátttakendur á stofnfundi 19.6 2019

Sindri Birgisson	Umhverfisstjóri	Akranes
Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir	Verkefnastjóri	Akraneskaupstaður
Sædís Alexía Sigurmundsdóttir	Verkefnastjóri	Akraneskaupstaður
Hulda Sif Hermannsdóttir	Aðstoðarmaður bæjarstjóra	Akureyrarbær
Sóley Björk Stefánsdóttir	Bæjarfulltrúi	Akureyri
Jón Steinar Garðarsson Mýrdal	Verkefnastjóri	Austurbrú
Viktoría Valdimarsdóttir		Ábyrgar lausnir
Gísli H. Halldórsson	Bæjarstjóri	Árborg
Ásta Begga Ólafsdóttir	Oddviti	Ásahreppur
Ásta Stefánsdóttir	Sveitarstjóri	Bláskógabyggð
Kristján Sturluson	Sveitarstjóri	Dalabyggð
Börkur Þór Ottósson	Sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs	Dalvíkurbyggð
Katrín Sigurjónsdóttir	Bæjarstjóri	Dalvíkurbyggð
Jón Björn Hákonarson	Forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar	Fjarðabyggð
Karl Óttar Pétursson	Bæjarstjóri	Fjarðabyggð
Bylgja Borgþórsdóttir	Verkefnastjóri	Fljótisdalshérað
Árni Eiríksson	Oddviti	Flóahrepps
Ingunn Jónsdóttir	Formaður Atvinnu- og umhverfisnefndar Flóahrepps	Flóahreppur
Eiríkur Björn Björgvinsson	Skipulagsfræðingur	Garðabær
Fannar Jónasson	Bæjarstjóri	Grindavíkurbær
Ása Valdís Árnasdóttir	Oddviti	Grímsnes- og Grafningshreppur
Björg Ágústsdóttir	Bæjarstjóri	Grundarfjarðarbær
Guðmundur Elíasson	Umhverfis- og veitustjóri	Hafnarfjörður
Helga Ingólfssdóttir	Bæjarfulltrúi	Hafnarfjörður
Kolbrún Haraldsdóttir	Sveitarstjórnamaður	Hrunamannahreppur
Linda Björk Pálsdóttir	Sveitarstjóri	Hvalfjarðarsveit
Aldís Hafsteinsdóttir	Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga	Hveragerðisbær
Höskuldur Þorbjarnarson	Umhverfisfulltrúi	Hveragerðisbær
Bryndís Eir Þorsteinsdóttir		Hveragerðisbær
Karen Halldórs	Bæjarfulltrúi	Kópavogur
Auður Finnbogadóttir	Verkefnastjóri stefnumótunar	Kópavogsbær
Bjarki Valberg	Umhverfisfulltrúi	Kópavogsbær
Sigurbjörg Erla Egilsdóttir	Bæjarfulltrúi	Kópavogsbær
Ármann Kr. Ólafsson	Bæjarstjóri Kópavogs	Kópavogur
Theodóra Þorsteinsdóttir	Bæjarfulltrúi	Kópavogur

Tómas G. Gíslason	Umhverfisstjóri	Mosfellsbær
Þorbjörg Gísladóttir	Sveitarstjóri	Mýrdalshreppur
Berglind Ásgeirsdóttir	Garðyrkjufraeðingur	Reykjanesbær
Kjartan Már Kjartansson	Bæjarstjóri	Reykjanesbær
Sigurgestur Guðlaugsson	Verkefnastjóri	Reykjanesbær
Magnús Yngvi Jósefsson	Rannsóknastjóri	Reykjavík
Árni Guðmundur	Deildarstjóri	Reykjavík
Gyða Mjöll Ingólfssdóttir	Verkfræðingur/ Umsjón faghópa	Reykjavík
Hjálmar Sveinsson	Borgarfulltrúi	Reykjavík
Lilja Sigurbjörg Harðardóttir	Verkefnastjóri sviðsstjóra	Reykjavíkurborg
Hrönn Hrafnadóttir	Verkefnastjóri stefnumótunar og þróunar	Reykjavíkurborg
Snorri Sigurðsson	Verkefnastjóri	Reykjavíkurborg
Bryndís Gunnlaugsdóttir	Lögfræðingur	Samband íslenskra sveitarfélaga
Eygerður Margrétardóttir	Verkefnastjóri	Samband íslenskra sveitarfélaga
Guðjón Bragason	Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs	Samband íslenskra sveitarfélaga
Helga Guðrún Jónasdóttir	Samskiptastjóri	Samband íslenskra sveitarfélaga
Ingibjörg Hinriksdóttir	Tækni- og þjónusturáðgjafi	Samband íslenskra sveitarfélaga
Karl Björnsson	Framkvæmdastjóri	Samband íslenskra sveitarfélaga
Páll Björgvin Guðmundsson	Framkvæmdastjóri	Samband sveitarfélag á Höfuðborgarsvæðinu
Skarphéðinn Smári Þórhallsson	Verkefnastjóri svæðisskipulags Austurlands	Samband sveitarfélaga á Austurlandi
Gyða Mjöll Ingólfssdóttir		Samorka
Gísli Hermannsson	Sviðstjóri umhverfissviðs	Seltjarnarnesbær
Haukur Geirmundsson	Sviðstjóri	Seltjarnarnesbær
Alexandra Jóhannesdóttir	Sveitarstjóri	Skagaströnd
Kristófer Tómasson	Sveitarstjóri	Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Eva Björk Harðardóttir	Oddviti	Skaftárhreppi
Katrín Gunnarsdóttir	Sveitarstjórnarmaður	Skaftárhreppi
Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir	Formaður umhverfisnefndar	Skútustaðahreppur
Bergný Jóna Sævarsdóttir	Sviðsstjóri stjórnslusviðs	Suðurnesjabær
Magnús Stefánsson	Bæjarstjóri	Suðurnesjabær
Björg Erlingsdóttir	Sveitarstjóri	Svalbarðsstrandahreppur
Matthildur Ásmundardóttir	Bæjarstjóri	Sveitarfélagið Hornafjörður
Ingibjörg Huld Þórðardóttir	Formaður umhverfis- og samgöngunefndar	Sveitarfélagið Skagafjörður
Sigfús Ingi Sigfússon	Sveitarstjóri	Sveitarfélagið Skagafjörður
Ásgeir Eiríksson	Bæjarstjóri	Sveitarfélagið Vogar

Bryndís Sigurðardóttir	Sveitarstjóri	Tálknafjarðarhreppur
Sigríður Ó. Kristjánsdóttir	Framkvæmdastjóri	Vestfjarðastofa
Angantýr Einarsson	Bæjarritari	Vestmannaeyjabær
Friðbjörg Matthíasdóttir	Bæjarfulltrúi	Vesturbyggð
María Óskarsdóttir	Bæjarfulltrúi	Vesturbyggð
Guðrún Kristín Ragnarsdóttir	Formaður umhverfisnefndar	Vogar
Jóna Björg Hlöðversdóttir	Sveitarstjórnarkona	Þingeyjarsveit